



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda tilvika þar sem einstaklingum hefur verið vísað frá miðstöð og kallað eftir aðstoð lögreglu

Þann 18. október 2023 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um fjölda tilvika þar sem einstaklingum hefur verið vísað frá miðstöð og kallað eftir aðstoð lögreglu:

Hversu mörgum hefur verið vísað frá og/eða neitað um þjónustu sem leitað hafa til miðstöðva Reykjavíkurborgar síðastliðinn áratug? Og hverjar eru ástæður þess að viðkomandi er vísað frá? Hversu oft hefur verið kallað eftir aðstoð lögreglu á miðstöðvar Reykjavíkurborgar síðastliðinn áratug? Hverjar eru ástæður þess að leitað er aðstoðar lögreglu? Fer fram einhvers konar atvikaskráning í kjölfar þess að leitað er aðstoðar lögreglu?

Svar:

Einstaklingum er ekki neitað um þjónustu en fólk hefur verið beðið um að koma ekki í miðstöð eða verið vísað út ef ástand viðkomandi er þess eðlis að hætta eða ógn hafi getað skapast af. Í slíkum tilfellum fellur þjónusta ekki niður en er veitt með öðrum leiðum t.d. símleiðis.

Á hverju ári koma upp tilvik þar sem kalla þarf eftir aðstoð lögreglu vegna einstaklinga sem þarf að vísa frá, en slík tilvik hafa ekki verið skráð með skipulegum hætti á miðstöðvum, að Vesturmiðstöð undanskilinni en þar er atvikaskráningarkerfi í notkun. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var kallað eftir aðstoð lögreglu á Vesturmiðstöð 25 sinnum á árinu 2023 og 6 sinnum árið 2022. Hvað varðar aðrar miðstöðvar Reykjavíkurborgar þá er það mat starfsfólks að tilvik sem þessi séu um 2-3 að jafnaði á ári og er það í samræmi við upplýsingar frá lögreglu. Vitað er um fjögur tilvik á síðustu þremur árum þar sem kallað hefur verið eftir aðstoð lögreglu á Suðurmiðstöð.

Unnið er að því að setja á samræmt verklag milli miðstöðva um skráningu tilvika í atvikaskráningakerfi.